

**From:** Óskar Hafsteinn Óskarsson <hrunaprestur@gmail.com>  
**Sent on:** Tuesday, August 29, 2023 9:24:08 AM  
**To:** skeidgnup@skeidgnup.is; hrumi@fludir.is  
**Subject:** Erindi til sveitarstjórna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps frá Hrunaprestakalli

Góðan dag. Meðfylgjandi erindi fór einnig í bréfpóst í dag. Kkv. Óskar

Bréf til sveitarstjórna Hrunamannahrepps og  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### Styrkbeiðni vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestakalli

Ágætu sveitarstjórnarfulltrúar.

Framhald verður á því sem prófað var í fyrsta sinn í fyrra í fermingarstörfunum í Hrunaprestakalli að öllum nemendum í 8. bekk Flúðaskóla (óháð því hvort börnin fermast eða ekki) var boðið í menningar-, skemmti og fræðsluferðir. Þetta gaf góða raun og nú ætlum við sumsé að endurtaka leikinn. Fyrri ferðin verður í Vatnaskóg í lok október og þá verður gíst þar í tvær nætur en sú síðari verður dagsferð í Skálholt í mars. Báðir þessir staðir eru rómaðir fyrir náttúrufegurð, sögu og góða umgjörð til að taka á móti ungu fólki. Fræðsla, leikir, útivist og góður matur er stutta lýsingin á þessum ferðalögum en þær eru báðar skipulagðar í samráði við skólalastjórnendur í Flúðaskóla.

Kostnaður á hvert barn þegar allt er talið er áætlaður kr. 40000 sem er sama upphæð og í fyrra. Sóknirnar í Hrunaprestakalli og Suðurprófastsdæmi munu greiða ferðirnar niður um helming en nú langar okkur enn á ný að leita á náðir sveitarstjórnanna í samfélagi okkar til að styðja við þetta góða verkefni og förum fram á styrk upp á 10000 kr. á hvert barn; þ.e. að hvort sveitarfélag fyrir sig greiði þessa upphæð fyrir hvert barn á þessum aldri í sínu sveitarfélagi.

Með kærri kveðju og von um góðar viðtökur.

Hruna, 28. ágúst 2023.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*  
Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur

*Marta Esther Hjaltadóttir*  
Marta Esther Hjaltadóttir, fh. sóknarnefndar Hrunasóknar

*Árís Jónsdóttir*  
Árís Jónsdóttir, fh. sóknarnefndar Stóra-Núpsóknar

*Sigurður Ágústsson*  
Sigurður Ágústsson, fh. sóknarnefndar Hrepphólasóknar

*Jóhanna Valgeirsdóttir*  
Jóhanna Valgeirsdóttir, fh. sóknarnefndar Ólafsvallasóknar

Sent from my iPhone